

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 107

Apríl 2007

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn 24. apríl í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Efni fundarins er:

**Erindi:** "Breytingar á kvikukerfi og gostíðni Kötlu í ljósi gjóskulagarannsókna." Guðrún Larsen.

**Myndasýning:** Eiríksjökull í máli og myndum. Þorsteinn Þorsteinsson segir frá Eiríksjökli og nágrenni.

# VORFUNDUR

Vorfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður 24. apríl 2007 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Guðrún Larsen jarðfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands heldur erindið “Breytingar á kvikukerfi og gosiðni Kötlu í ljósi gjóskulagarannsókna”. Erindið er byggt á meistaraþrófsverkefni Bergrúnar A. Óladóttur, en Guðrún var leiðbeinandi hennar.

Í jarðvegi á Álftaversafrétti eru rúmlega 200 gjóskulög frá nútíma, flest frá Kötlu í Mýrdalsjökli. Kötlulögin geyma 8400 ára gossögu og úr þeim má sitthvað lesa um tíðni Kötlugosa á ýmsum tímum. Hér er átt við hin hefðbundnu Kötlugos þegar kvikan sem upp kemur er basalt. Gosiðnin síðustu 1000 árin er t.d. sú lægsta á þessu 8400 ára tímabili.



Guðrún Larsen fræðir JÖRFÍ félaga um Kötlu í sumarferð félagsins 2006.

Aðalefnasamsetning Kötlugjóskulaganna breytist með tíma. Þessar breytingar má nota til að skipta virkni Kötlukerfisins í átta mislöng tímabil þar sem efnasamsetningin er ýmist stöðug, sveiflast óreglulega eða breytist kerfisbundið með tíma. Breytileikann má skýra með mismunandi kvikuþróunarferlum og því má segja að hann bendi til breytinga á aðfærslukerfi kvikunnar undir eldstöðinni. Þetta eru niðurstöður úr meistaraþrófsverkefni Bergrúnar A. Óladóttur við Universit  Blaise Pascal í Clermont-Ferrand, Frakklandi, en h n er n u í doktorsn mi þar og við H sk la  slands.



A  erindi Gu r nar og kaffihl i loknu fjallar Þorsteinn Þorsteinsson um Eir ksj kul, en þanga  er stefnt   sumarfer  J rf  s  ustu helgina   j n . Sj  n nar s  ar   fr ttabrefinu.

## **SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2006**

Borist hafa m lingar fr  46 m lingast  um vi  j kla landsins. Flestir r ma þeir en fr  því eru athyglisver ar undantekningar. Ekki kemur s rstaklega    vart a  Reykjarfjar arj kull s gur enn fram en hann hl tur a  fara a  komast   þrot br  lega. Hryningsj kull gekk fram um 8 metra  n þess þ  a  vir ast vera   s rst kum ham. Austasta horni  a  Skei ar rj kli gekk fram um 6 metra sem er a  v su ekki miki  fyrir þann st ra j kul en stingur  neitanlega   st f vi  umhverfi . Þa  sama   reyndar vi  um Sv nafellsj kul    r fum sem lengdist um 4 metra. Heinabergsj kull m ldist nokkru framar en   fyrra en hann l tur   rum l gm lum þar sem hann er   floti   l ni.

Eins og vi  er a  b ast hafa ja rar Skei ar rj kuls (a  vestan) og Brei amerkurj kuls hopa  hva  mest undanfarin  ratug e a vel yfir h lfan k l metra.   þessum f lagsskap er, svo merkilegt sem þa  er, G gj kull. Hann er n u um 900 metrum styttri en hann var 1994. Engum sem gerir s r fer  inn   Þ rsm rk dylst a  j kullinn hefur golti  afhr  . Grunar mann jafnvel a  þar s  ekki vi  loftslagi  eitt a  sakast.




Samanburður á Sólheimajökli árin 2000 og 2006

Mynd - Oddur Sigurðsson.

Á ráðstefnu Alþjóða jöklafræðifélagsins í Cambridge var gerð grein fyrir samhengi sumarhita á Íslandi og sporðabreytinga á jöklum eins og þær birtast í mælingum Jökларannsóknafélags Íslands. Má sjá að þar er mun nánari samsvörun heldur en menn gerðu almennt ráð fyrir og vakti það athygli. Þetta nána samhengi er sýnt á línuriti í greininni um jöklabreytingar í síðasta Jökli. Einnig er forvitnilegt að línuritinn passa verr saman ef hitalínuritinu er hliðrað um eitt ár eða meira þannig að jökulsporðurinn virðist bregðast við rúmmálsbreytingu jökulsins jafnóðum eða að minnsta kosti hefur hann að hausti áttað sig á hitastigi sumarsins.

Oddur Sigurðsson



## SPENNANDI BÍÓSÝNING

Kvikmyndasafn Íslands stendur fyrir áhugaverðri sýningu í Bæjarbíói í Hafnafirði þriðjudaginn 17. og laugardaginn 21. apríl. Sýningin nefnist Jöklaferðir á Íslandi á fyrrihluta 20. aldar. Sýndar verða sex myndir sem eru frá 4.30 upp í 37 mínútur að lengd.

1. Enskur jarðfræðileiðangur 1932
2. Fjórði leiðangur danska jarðfræðingsins Nielsens 1936
3. Fransk – Íslenski Vatnajökulsleiðangurinn 1951
4. Leiðangur á “litlum “ snjóþíl
5. Vatnajökulsleiðangur 1946
6. Fjallamenn í Tindfjöllum

Sýningin á þriðjudagskvöld hefst klukkan 20:00 og myndirnar verða endursýndar laugardaginn 21. apríl kl. 16:00. Félagsmenn eru hvattir til mæta og sjá þessar ómetanlegu heimildir um jöklaferðir á liðinni tíð.

Allar upplýsingar um myndirnar eru vel þegnar og þeir sem búa yfir slíku eru hvattir til að hafa samband við Sigfús hjá Kvikmyndasafninu - [sg@kvikmyndasafn.is](mailto:sg@kvikmyndasafn.is).

## AFKOMUMÆLINGAR Á MÝRDALSJÖKLI

Árin 2001 og 2003 var farið til afkomumælinga á Mýrdalsjökul. Fyrra árið tókst að bora 3 holur en hið seinna þurftu mælingarmenn frá að hverfa vegna slæms veðurs. Í vor á að halda í hefðina og fara í mælingaferð á Mýrdalsjökul. Ferðin er í höndum unglíngadeildarinnar og er kjörinn vettvangur til kynningar á starfsemi JÖRFÍ fyrir yngri félaga. Öllum er þó

frjálst að mæta og taka þátt. Fyrstu helgina í maí, laugardaginn 5., skal haldið á jökul. Ef vel viðrar er stefnan sett á mælingar á laugardegi og slá svo upp tjaldbúðum og grilli á laugardagskvöldið. Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Björn í síma 869-3432 eða senda tölvupóst á [bjornod@hi.is](mailto:bjornod@hi.is). Fólk er hvatt til þess að hafa samband við Björn sem fyrst, hvort sem þeir eru eigendur jöklatækja eða eru farlausir.



Afkomumælingar með tilþrifum – Mýrdalsjökull í maí 2001.

–mynd MTG

## SUMARFERÐ AÐ EIRÍKSJÖKLI

Sumarferð JÖRFÍ verður helgina 23.-24. júní. Á undanförunum árum hefur tvívegis verið reynt að efna til sumarferðar að Eiríksjökli, en í hvorugt skiptið gat orðið af ferð á þær slóðir. Nú skal reynt til þrautar og safnað liði til helgarferðar að jöklinum um Jónsmessuhelgina Eiríksjökull er eitt mesta og glæsilegasta fjall landsins, um 1675 m hár og ekki ýkja erfiður uppgöngu að





Eiríksjökull úr norðri.

Mynd - Oddur Sigurðsson

vestan. Áætlað er að fara inn í Torfabæli, þar sem tjaldbækistöð verður um helgina. Gengið verður á jökulinn ef veður leyfir, en að öðrum kosti hugað að göngu á Strút (938 m). Einnig verður komið við í hellunum frægu í Hallmundarhrauni og e.t.v. fleiri áhugaverðum stöðum í uppsveitum Borgarfjarðar. Leiðsögumaður verður Þorsteinn Þorsteinsson en Björn Oddsson mun sjá um skipulagningu ferðarinnar og taka við skráningum í síma 869-3432 eða [bjornod@hi.is](mailto:bjornod@hi.is). Gert er ráð fyrir að farið verði á einkabílum en reynt verður að finna far fyrir þá sem ekki hafa yfir bíl að ráða.

## AÐALFUNDUR 2007

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn 27. febrúar síðastliðinn í Öskju. Fundarstjóri var kosinn Oddur Sigurðsson og Hrafnhildur Hannesdóttir fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á þessum aðalfundi.

Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var síðan staðfest á stjórnarfundum 12. apríl:

## **Stjórn JÖRFÍ 2007:**

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður

Magnús Hallgrímsson, varaformaður

Póra Karlsdóttir, gjaldkeri

Þorsteinn Þorsteinsson, ritari

Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

**Varastjórn:** Vilhjálmur S. Kjartansson, Valgerður Jóhannsdóttir, Björn Oddson og Aðalsteinn Svavarsson

## **Nefndir JÖRFÍ:**

**Rannsóknanefnd:** Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Sverrir Óskar Elefsen og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Bílanefnd:** Árni Páll Árnason formaður, Eiríkur Lárusson, Garðar Briem, Sigurður Vignisson og Hallgrímur Þorvaldsson.

**Skálanefnd:** Aðalsteinn Svavarsson formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Jörgensen, Snæbjörn Pálsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristinsson.

**Ferðanefnd:** Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Árni Páll Árnason, Hannes Haraldsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Ritstjórar Jökuls:** Bryndís Brandsdóttir og Áslaug Geirsdóttir.

**Ritnefnd Jökuls:** Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen Luise Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Leó Kristjánsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og Willam H. Menke.



**Skemmtinefnd:** Hrafnhildur Hannesdóttir formaður, Ágúst Hálfðánarson, Hálfðán Ágústsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Hallgrímur Þorvaldsson, og Katrín Auðunardóttir

**Valnefnd:** Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Sveinbjörn Björnsson.

**Félagsgjöld:** Félagsgjöld í Jöklarannsóknarfélaginu hafa verið ákveðin 4500 kr. á þessu ári. Nemenda- og fjölskyldugjald verður 1500 kr.